

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**690. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 4. apríl 2011
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalstunguheiðar og almenns fundar fjallskiladeildar Víðidælinga
3. Fundargerð 785. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
4. Starfsmannamál.
5. Samantekt frá fundi um kynningar-og markaðsmál í Húnaþingi vestra 19. mars s.l.
6. Málefni Brunavarna Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sem eru í gangi s.s. grillhús á tjaldsvæðið í Kirkjuhvammi, torg við Syðri Hvammsá, barnapott í sundlaug, vatnsveitu ofl. Umhverfisstjóri mætti á fundinn og kynnti átaksverkefni fyrir námsfólk á vegum Atvinnuleysistryggingasjóðs.
2. Lögð fram fundarboð aðalfundar Veiðifélags Víðidalstunguheiðar og almenns fundar fjallskiladeildar Víðdælinga sem haldinn verður í Víðihlíð 7. apríl n.k. kl: 20:30. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundunum og oddviti til vara.
3. Lögð fram til kynningar fundargerð 785. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Elín R. Línadal kynnti.
4. Starfsmannamál. Framlagt erindi frá Henrike Wappler, þar sem hún fer fram á tímabundna breytingu á starfshlutfalli sínu. Byggðarráð samþykkir beiðnina og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.
5. Lögð fram samantekt frá fundi um kynningar-og markaðsmál í Húnaþingi vestra sem haldinn var 19. mars s.l.
6. Málefni Brunavarna Húnaþings vestra. Sveitarstjóri lagði fram samkomulag við starfsmenn Brunavarna Húnaþings vestra um greiðslur fyrir bakvaktir, boðtæki ofl. Byggðarráð samþykkir samkomulagið. Byggðarráð samþykkir að fela Sambandi íslenskra sveitarfélaga samningsumboð vegna kjarasamningsgerðar við Landssamband slökkviliðs-og sjúkraflutningsmanna vegna starfsmanna Brunavarna Húnaþings vestra frá 1. janúar 2011.

Samþykkt að taka á dagskrá.

7. Lagt fram bréf USVH dags. 1. apríl s.l. þar sem tilkynnt er að UMFÍ hafi samþykkt að fela USVH framkvæmd með 1. landsmóti UMFÍ 50+ 24.-26. júní n.k. Í bréfinu er þess óskað að Húnaþing vestra tilnefni tvo fulltrúa í undirbúningsnefnd fyrir mótið. Byggðarráð samþykkir að tilnefna Skúla Þórðarson, sveitarstjóra og Karólínu Gunnarsdóttur, íþrótta-og tómstundafulltrúa í nefndina.

8. Sveitarstjóri lagði fram til kynningar álit Mennta-og menningamálaráðuneytisins og lögfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga um heimildir sveitarfélaga til seinkunar heimaksturs skólabarna.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:45

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson

Elín R. Líndal

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri